

15. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 21. nóvember 2011 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 15:30.

Fundinn sátu: Þorleifur Jóhannesson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Axel Thorsteinsson, Þróstur Jónsson, Páll Jóhannsson, Esther Guðjónsdóttir, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Tillaga að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða 2012.
Hannibal fór yfir tillögu að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2012. Helstu breytingar eru að gjaldskráin hækkar almennt um 5% en taxti gróðurhúsa hækkar um 8%. Meirihluti veitustjórnar samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá. Esther og Þróstur telja ekki þörf á hækkun á gjaldskrá hitaveitu því hún muni skila hagnaði án hækkunar. Leggja þau til að hagrætt verði í rekstri til að ná fram þeim tekjuafgangi sem fram kemur í hækkunartillögunni.
2. Fjárhagsáætlun Hitaveitu Flúða.
Hannibal fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2012. Gert er ráð fyrir að hagnaður verði af veitunni að fjárhæð um kr. 6.000.000 þegar búið verði að eignfæra væntanlega fjárfestingu veitunnar. Meirihluti veitustjórnar samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun. Esther og Þróstur vísa til bókarinnar sinnar við lið 1.
3. Tillaga að gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hrunamannahrepps 2012.
Hannibal fór yfir tillögu að gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2012. Helstu breytingar eru að gjald á íbúðarhús lækkar úr 0,30% í 0,27% af fasteignarmati en lágamarksgjald hækkar í 28.300 eða um 10%. Hámarksgjald á íbúðarhús verður óbreytt kr. 60.000. Fast vatnsgjald í sumarhús hækkar um 10% og verður kr. 28.300. Vatnsgjald í atvinnuhúsnæði verður óbreytt. Heimæðagjöld hækka sem nemur hækkun byggingarvísitölu og aðrar hækkunir nema 5%. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá. Esther og Þróstur fagna lækkun á vatnsgjaldi til íbúðarhúsa.
4. Tillaga að gjaldskrá fyrir fráveitu Hrunamannahrepps 2012.
Hannibal fór yfir tillögu að gjaldskrá fyrir fráveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2012. Helstu breytingar eru að fráveitugjald á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í þéttbýlinu á Flúðum lækkar úr 0,30% í 0,27% af fasteignarmati og hámarksgjald íbúðarhúsnæði lækkar í kr. 54.000. Hámarksgjald á atvinnuhúsnæði verður óbreytt kr. 180.000. Árlegt gjald fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa utan þéttbýlisins á Flúðum verður kr. 6.700 en hreinsað verður á 3ja ára fresti. Heimæðagjöld í þéttbýlinu á Flúðum hækka sem nemur hækkun byggingarvísitölu og aðrar hækkunir nema 5%. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá.
5. Staða vatnsveitumála í Laugarkrök.
Hannibal fór yfir stöðu vatnsveitumála í Laugarkrök.

6. Stofnfundur Sambands Orkusveitarfélaga.

Lagt fram fundarboð vegna stofnfundar Sambands Orkusveitarfélaga sem halda á föstudaginn 25. nóvember nk. ásamt samþykktum fyrir hið nýja félag. Veitustjórn leggur til að Hrunamannahreppur verði stofnaðili að Sambandi Orkusveitarfélaga.

7. Önnur mál.

Farið var yfir fyrirkomulag um tæmingu rotþróa utan þéttbýlisins á Flúðum og nýtingu á seyru. Farið var yfir stöðu lagningar vatnsveitu að Skarðsbæjum og Reykjatorfu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi en því verki er lokið.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundu slitið kl. 17:30.